



Minnisblað

Til: Stjórnar SSH

Málsnúmer: 1502051

Varðar: Breytingu á gjaldskrá vegna stöðubrota

Af hálfu Bílastæðasjóðs Reykjavíkur hefur verið óskað eftir því að önnur aðildarsveitarfélög SSH endurskoði núgildandi gjaldskrá vegna stöðubrota til samræmis við hækkun á gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Með því færi gjaldið úr 5.000 krónum í 10.000 krónur. Í erindi bílastæðasjóðs kemur m.a. fram að af hálfu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sé einnig þrýst á samræmingu, þannig að sama gjald gildi á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Forsaga máls:

Á árinu 2008 barst SSH erindi frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu (LHS), þar sem vakin var athygli á því að LHS gæti ekki fylgt eftir ákvæðum umferðarlaga um meðferð stöðvunarbrota í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur, þar sem ekki lágu fyrir gjaldskrár vegna stöðvunarbrota á grundvelli 108. greinar umferðarlaga í þessum sveitarfélögum.

Í brefi lögreglustjórans kom m.a. eftirfarandi fram:

„Í umferðarlögum, sbr. 3. mgr. 108 greinar, annast lögreglan álagningu og innheimtu gjaldsins, en (samgönguráðherra) getur ákveðið að á tilteknum svæðum fari hún að öllu leyti eða hluta fram á vegum sveitarfélags, en til að svo megi verða þarf að koma fram sérstök ósk frá sveitarstjórn til (samgöngu-ráðherra) sem gefur út sérstaka gjaldskrá í formi auglýsingar sem hefur staðbundið gildi. Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota. Annist lögregla álagningu gjaldsins rennur andvirði þess í ríkissjóð.“

Í framhaldi af erindi LHS var málið tekið til umfjöllunar á vettvangi SSH, sem lyktaði með því að lagt var til við aðildarsveitarfélögin að þau óskuðu eftir setningu gjaldskrár, og að LHS yrði falin innheimta gjaldsins og þau rynnu í ríkissjóð. Meginrök fyrir þessari málsmeðferð voru:

- a) Full ástæða væri til þess að beita heimildum umferðarlaga til að sporna við vaxandi fjölda stöðubrota, einkum í kringum íþróttamannvirki og aðra staði þar sem fjöldasamkomur eru haldnar.
- b) Ekki væri vert að líta á þessa álagningu sem sérstakan tekjustofn, heldur væri þarna um fælingu að ræða sem ætti, ef vel tækist til að draga úr og koma í veg fyrir skipulagslausa og stundum kaótíksar birfreidarstöður á opnum svæðum með tilheyrandi eignaspjöllum og slyshættu.
- c) Engar upplýsingar lágu fyrir um umfang og fjölda stöðubrota í sveitarfélögunum, og því engin leið að áætla heildarupphæð þeirra sekta sem gjaldtakan gæti leitt af sér. Af þeim sökum, sem og með vísun í b) lið var það mat þá, að ekki væru til staðar forsendur til að sveitarfélögin tækju að sér innheimtuna með stofnun bílastæðasjóðs, ráðningu starfsmanna og því öðru sem til þurfti til að sveitarfélögin tækju málið til sín.

Frá árinu 2009 hefur því framangreint fyrirkomulag verið í gildi.

Í erindi bílastæðasjóðs nú koma í fyrsta skipti fram upplýsingar um umfang álagðra stöðubrota í sveitarfélögunum utan Reykjavíkur, og samkvæmt því var umfangið á liðnu ári þannig:

**Álögð
stöðubrotagjöld
2014**

Sveitarfélag	Fjöldi álagninga	Heildar- upphæð
Kópavogur	580	2.900.000
Garðabær	250	1.250.000
Hafnarfjörður	160	800.000
Mosfellsbær	90	450.000
Seltjarnarnes	36	180.000
SAMTALS:	1.116	5.580.000

Ofangreindar upplýsingar gefa því færi á að meta umfang málsins og hvaða tekjum álagning gjaldsins skilaði á árinu 2014.

Það er nokkuð ljóst á ofangreindum tölum að innheimta gjalds vegna stöðubrota ein og sér skapar vart forsendur til að sveitarfélögin taki innheimtuna til sín. Öðru máli gegnir ef farin er leið Reykjavíkurborgar og tekið upp gjald vegna bílastæða á opinberum stæðum í umsjón og rekstri sveitarfélaganna.

Núverandi staða – viðfangsefni til úrvinnslu og afgreiðslu.

Eftirfarandi liggur nú fyrir:

- a) Reykjavíkurborg hefur tekið ákvörðun um að hækka gjald vegna stöðubrota úr 5.000 kr í 10.000 krónur.
- b) Bílastæðasjóður og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggja áherslu á að áfram verði samræmi í gjaldtökunni, þannig að eitt og sama gjald gildi á öllu starfssvæði LHS.

Sveitarfélögin 5, þ.e. Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður þurfa því að taka ákvörðun um hvort þau fylgi fordæmi Reykjavíkurborgar og hækki gjald vegna stöðubrota til samræmis við þeirra hækkun, eða úr 5.000 kr. í 10.000 kr.

Það er síðan sérstakt úrlausnarefni hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig hvort það sér ástæðu til að endurskoða fyrirbyggjandi ákvörðun frá 2009 um að fela Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu innheimtu gjaldsins og láta það renna í ríkissjóð. Slík ákvörðun hlýtur að tengjast mati á forsendum um stofnun eigin bílastæðasjóðs með innheimtu bílastæðagjalda (og þá væntanlega með álagningu aukastöðugjalda eða „stöðumælasekta“). Rekstur bílastæða og sú tekjuöflun sem af því leiðir er í sjálfu sér af nokkuð öðrum toga heldur en álagning gjalda vegna stöðubrota, sem á að fela í sér fælingu en ekki að skoðast sem tekjustofn. Stofnun bílastæðasjóðs er í reynd forsenda fyrir því að sveitarfélag taki til sín innheimtu stöðubrotanna.

Kópavogi, 4. maí 2015
Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH